

Þýska undrið, auðvaldið og Adolf Hitler. 7: Helförin (Holocaust)

Sjálfst hugtakið, helför, er óskýrt. Er átt við alla Gyðinga, sem létust í annarri heimstyrjöldinni eða Gyðinga, sem Þjóðverjar drápu í eða utan fangabúða?

Tölur eru mjög á reiki. Hæsta talan kom fram hjá Reuters og Berner Tagwacht í ágúst 1945. Þessar fréttaveitur sögðu, að helförin hefði kostað 26 milljónir Gyðinga lífið. Oftast er þó kennt, að Þjóðverjar hafi grandað, kerfisbundið útrýmt, sex milljónum Gyðinga. En talan á sér grunsamlega sögu.

New York Times, höfðuðdagblað Gyðinga í Bandaríkjunum, segir aldamótaárið 1900: „Það eru 6.000.000 lifandi, blæðandi, þjáningarfull rök fyrir Sionisma (flutningi Gyðinga til Palestínu).“

Tveim árum síðar segir Encyclopedia Britannica, að í Rússlandi og Rúmeníu búi 6.000.000 Gyðinga við ofsóknir (degraded).

Árið 1904 greinir New York Times frá því, að vandinn steðji ekki að Gyðingum í Bandaríkjunum, heldur 6.000.000 í Rússlandi, en „rússnesk yfirvöld hafði gefið Gyðingum leyfi til að yfirgefa landið.“

Fjallað er um ástandið í blaðinu ári síðar, þ.e. þegar byltingarblikur voru á lofti. Þá boðaði einn forsprakka byltingarmanna, að í landi hamingjusamra og frjálsra Rússa þyrftu 6.000.000 Gyðinga ekkert að óttast. Stjórnarbylting myndi uppræta orsakir Gyðingaofsókna og þar með jarðveg Sionisma.

Á árinu 1906 voru, samkvæmt Paul Nathan, blikur á lofti. Á fundi í Berlín í „Þýskri miðstöð hjálparamtaka Gyðinga“ (Hilfsverein der Deutschen Juden), sem hann tók þátt í að stofna, greinir Paul frá heimsókn til Sankti Pétursborgar. Paul segist hafa komist á snoðir um fyrirhugaða lausn rússneskra yfirvalda á Gyðingavandanum, þ.e. margumræddra 6.000.000 rússneskra Gyðinga skyldi útrýmt kerfisbundið.

Samstarfsmenn Paul voru engir aukvisar; bankamaðurinn, Jacob H. Schiff (1847-1920), sem mestu réði um Gyðingamál í Bandaríkjunum, og Lucien Wolf (1857-1930) í Englandi. Hann var kallaður utanríkisráðherra anglósaxneskra Gyðinga (Anglo-Jewry).

Pólsk-bandaríski sagnfræðingurinn, Zosa Szajkowski/Yehoshua Frydman (1911-1978) segir, að „varla hafi verið tekin nokkur mikilvæg ákvörðun á vegum Gyðingaþjóðarinnar á árunum 1903-1914, nema að höfðu samráði við þessa þrjá menn.“ (Lisa Moses Leff hefur skrifað um Zosa bókina; „Skjalabjófurinn. Maðurinn

sem bjargaði franskri sögu Gyðinga í kjölfar Helfararinnar“ (The Archieve Thief: The Man Who Salvaged French Jewish History in the Wake of the Holocaust)

Enn flaug fiskisagan. Max Simon Nordau/Simon Maximilian Südfeld (1849-1923), meðstofnandi Sionistahreyfingarinnar, fullyrti árið 1911 á Alheimsráðstefnu Sionista, að ríkisstjórnir í friðarhugleiðingum skipulegðu engu að síður „gjöreyðingu 6.000.000 manns [Gyðinga].“

Ári síðar er þráðurinn tekinn upp í „Árbók Gyðinga í Bandaríkjunum“ (American Jewish Year Book). Þá er fullyrt að umræddar útrýmingaráætlanir Rússa séu frá 1890. Ungversk-bandaríski Gyðingapresturinn, Stephen Samuel Wise (1874-1949), segir í New York Tribune:

„Rússar eru nú í þann mund að kæfa Gyðingana. Þeir dirfast ekki að ráðast að þjóðum með blóðsúthellingum. Því eru þeir smám saman að murka lífið úr 6.000.000 Gyðinga.“

New York Times var iðið við kolann. Árið 1914 sendi blaðið út ákall um hjálp handa 9.000.000 Gyðinga í stríðshrjáðum löndum Evrópu í fyrstu heimstyrjöldinni. En 6.000.000 milljónir væru beinlínis á vígvöllum.

Tölurnar bólgna heldur í umfjöllun blaðsins árið síðar. Þá eru Gyðingar á heimsvísu taldir 13.000.000, en enn sem fyrr eru 6.000.000 „Gyðinga í bráðri hættu og mega þola hvers konar þjáningar og sorgir ...“

Samkvæmt The Jewish Criterion er ástandið miklu alvarlegra: „Gereyðing 6.000.000 Gyðinga á rússneskum yfirráðasvæðum gengur skipulega og markvisst fyrir sig. Þetta er sum sé árið 1915 og fyrri heimstyrjöldin nýhafin.“

Breski Gyðingurinn, Jacob de Haas (1872-1937), skrifar í Boston Sunday Globe á sama ári, þ.e. 1915: „Það, sem vissulega allir geta orðið sammála um, er, að þegar helförinni (holocaust) lýkur, munu Gyðingar og Palestína verða nánari en nú er.“

Fjórum árum síðar, þ.e. 1919, hefur landfræðileg þungamiðja færst eilítið til. Nú eru það þjóðverjar, sem ætla sér að gera 6.000.000 Gyðinga hungurmorða. Fleirum liggur tortíming Gyðinga á sinni. Nú bætast stjórnámálamenn í kórinn.

T.d. skrifaði Martin Henry Glynn (1871-1924), borgarstjóri í Nýju Jórvík, grein í American Hebrew 1919, með titlinum: „Krossfestingum Gyðinga verður að linna.“ Hann hélt því fram, að helför (holocaust) 6.000.000 Gyðinga stæði yfir.

New York Times tók undir og segir þá þegar 127.000 Gyðinga hafa verið drepna, en 6.000.000 milljónum Gyðinga í Úkraínu og Póllandi hafi skilist, að þeirra biði allsherjar útrýming. Þetta kallar blaðið staðreynd.

Árið 1933 voru Gyðingamiðlar enn við sama heygardshorn. The Jewish Western Bulletin segir, að blóðþyrstir Þjóðverjar virði líf Gyðinga að vettugi. „Líf hundruð þúsunda hangi á bláþræði undir pyndingum í þessari helför (holocaust) ...“

Þegar 1936 gekk í garð, tók líka verðandi forseti Ísraels, Chaim Weismann (1874-1952), til máls, þó ekki jafn tilþrifamikill og fyrri ræðumenn. Hann segir margnefnda 6.000.000 Gyðinga vera innilokaða og óvelkomna. Helför nefnir hann ekki.

En það gerði New York Times og sendi út neyðarkall, því fleiri Gyðingum verði að gera kleift að flytjast til Palestínu, að dómi upplýstra foringja Kristmanna. Síðan er fjallað um „óþolandi þjáningar milljóna Gyðinga undir þessari „evrópsku helför“ (holocaust) – og bjarga verði þessum ólánsömu milljónum frá geryðingu.“

Helför var einnig gerð að umtalsefni í New York Times 1936, þegar „Júdea“ hafði sagt Þjóðverjum stríð á hendur, einkum vegna þess, að Adolf Hitler hélt fast við þá fyrirætlun sína að stofna Gyðinganýlendu á Madagaskar.

Gyðingarnir í Nýju Jórvík, undir forystu Samuel Untermyer, vildu hins vegar stofna ríki þeirra í Palestínu, samkvæmt Balfour yfirlýsingunni, sem þeir höfðu knúið fram. Nú var talað um milljónir Gyðinga, sem væri verið að murka lífið úr í Þýskalandi og Austur-Evrópu. Í grein blaðsins 1938 er aftur hnykkt á útrýmingu sex milljóna Gyðinga.

Á árabílinu 1936 til 1939 færa Gyðingamiðlar stöðugt fréttir af ofsóknum Þjóðverja á hendur 6.000.000 Gyðingum.

Árið 1940 flutti Palm Beach Post frétt af Heimsráðstefnu Gyðinga (World Jewish Congress): „... ef svo færi, að nasistar ynnu fullnaðarsigur í Evrópu yrðu sex milljónir Gyðinga dæmdar til tortímingar.“ Þegar þetta á sér stað hafði engum Gyðingi verið stungið í fangabúðir og Adolf reyndi enn að semja frið.

Á sama ári segir The Southern Israelite frá því, að næstum 6.000.000 Gyðinga hangi á horriminni og útrýming þeirra sé yfirvofandi. Svipaður boðskapur birtist í fleiri miðlum fram til 1942.

Palestine Post tekur þó dýpst í árinna, segir markvissa útrýmingu Gyðinga eiga sér stað á „öllu húsi Ísraels.“ Böðlarnir dræpu fleiri en áður hafði sést í sögu Ísrael. Sagan er svo endurtekin í síbylju á Vesturlöndum.

Það má til upplýsingar geta þess, að þann 19. júlí á þvísa ári (1940) hélt Adolf ræðu í þýska þinginu; „Síðasta ákall um skynsemi og óbrennlaða dómgreind.“ Þá höfðu bæði Frakkar og Bretar lotið í lægra haldi á vígvellinum. Í ræðunni hvatti Foringinn til að átökum yrði hætt og samið um frið. Ræðunni var dreift yfir Lundúnir. Hann talaði enn sem fyrr fyrir daufum eyrum.

<https://rarehistoricalphotos.com/hitler-reacts-kiss-woman-1936/>